

Alþingi
Erindi nr. þ 139/1674
komudagur, 10. 3. 2011



Rauði kross Íslands

Utanríkismálanefnd Alþingis

Alþingi

150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2011

Meðfylgjandi er umsögn Rauða kross Íslands um tillögu til þingsályktunar um Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011 – 2014, 486. mál, þskj. 788.

Með vinsemd og virðingu,

Kristján Sturluson



Hluti af Alheimshreyfingu
Rauða krossins
og Rauða hálfmánnans

Icelandic Red Cross
Cruz Roja Islandesa
Croix-Rouge Islandaise

Efstaleiti 9
103 Reykjavík
Iceland

Sími/Tel: (354) 570 4000
Fax: (354) 570 4010

E-Mail: central@redcross.is
Website: www.redcross.is

10.03.2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011 – 2014.

Rauði kross Íslands þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar um þingsályktunartillöguna.

Rauði krossinn fagnar Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011 – 2014 og tillögu til þingsályktunar um hana. Áætlunin er til marks um stórstígar framfarir í faglegri stefnumótun íslenska ríkisins í þessum mikilvæga málaflokki. Ánægjulegt er að langtíma stefnumótun í hjálparstarfi og þróunarsamvinnu hins opinbera skuli hafa verið fram haldið, þrátt fyrir þann mikla niðurskurð sem varð á framlögum Íslands í kjölfar fjármálakreppunnar 2008.

Almennt

Áætlunin er augljóslega afurð vandaðrar undirbúningsvinnu og markar stefnu íslenska ríkisins í hjálparstarfi og þróunarsamvinnu. Samráð var haft við Samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu og sjá má að athugasemdir sem gerðar voru á þeim vettvangi hafai verið teknar til greina.

Auk þess sem gerð er grein fyrir stefnu hins opinbera í málaflokknum þá er með þessari áætlun settur skýrari rammi um samstarf við félagasamtök, en í þeim efnum hefur Ísland verið eftirbátur annarra norrænna ríkja. Sérstaklega er mikilvægt að gert er ráð fyrir hiutfallslega auknum framlögum til félagasamtaka og rammamningum við þau, svipað og stjórnvöld í öðrum norrænum ríkjum gera. Að meinalausu mætti hnykkja á markmiðinu um rammamninga í sjálfri þingsályktunartillögunni, til dæmis í kaflanum um „Stefnumörkun, innra og ytra starf.“

Rétt er að benda á að í áætluninni, líkt og í lögnum sem hún byggir á, er hugtakið „þróunarsamvinna“ notað yfir allt sem viðkemur alþjóðlegu hjálparstarfi. Þetta getur skapað rugling, til dæmis þegar fjallað er um mismunandi tegundir hjálparstarfs (svo sem þróunarsamvinnu, neyðaraðstoð vegna náttúruhamfara, neyðaraðstoð vegna styrjaldaráttaka, annað hjálparstarf, o.s.frv.). Þannig er varhugavert að beita aðferðum þróunarsamvinnu á virku áttaksvæði, en sú „Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu“ sem hér er fjallað um nær samt einnig til hjálparstarfs í stríði.

Hér er farið yfir þingsályktunina lið fyrir lið:

Framlög

Íslandi ber, sem auðugu velferðarríki, að standa jafnfætis þeim sem mestan skerf leggja til alþjóðlegs hjálparstarfs. Stefnumarkandi ákvörðun um að Ísland ætli á næstu tíu árum að ná því markmiði að verja meiru en 0,7% af vergum þjóðartekjum í alþjóðlegt hjálparstarf færir landið í þennan hóp. Þó er rétt að benda á að áætlunin gerir ráð fyrir tiltölulega lítilli hækkun framlaga til 2014 sem þýðir að gefa verður verulega í á árunum þar á eftir til að ná 0,7% markinu á tíu árum. Mikilvægt er því að þingsályktunin felur í sér að hækkun framlaga verði hraðað við endurskoðun áætlunarinnar árið 2013.

Framkvæmd

I – Áherslusvið, málaflokkar og þverlæg málefni

Rauði krossinn fagnar áhersluatriði um stuðning við mannúðarstörf Alþjóðaráðs Rauða krossins, sem hefur einstakt hlutverk sem óháður aðili á vígvellinum, sem starfar sjálfstætt að hjálparstarfi og vernd almennra borgara undir merkjum hlutleysis og mannúðar.

Rauði krossinn fagnar sömuleiðis áherslum sem fram koma um jafnréttis- og umhverfismál. Valdaójafnvægi í samskiptum kynjanna - og það misrétti og ofbeldi sem því fylgir oft – er í mörgum tilvikum stór undirliggjandi ástæða þeirra vandamála sem reynt er að vinna bug á í alþjóðlegu hjálparstarfi. Loftslagsbreytingar hafa nú þegar valdið ómældum skaða, til dæmis í löndum Afríku þar sem bændur hafa flosnað upp af jörðum sínum og aðrir þurfa að glíma við óvæntar gróðurfarabreytingar, óstöðugt veðurfar og auknar náttúruhamfarir.

II – Neyðar- og mannúðaraðstoð

Sérstakur fjárlagaliður um samstarf við félagasamtök er mikilvægur og stefnumarkandi um framkvæmd hjálparstarfs. Um er að ræða viðurkenningu á því að í sumum tilfellum séu félagasamtök betur til þess fallin að veita aðstoð heldur en opinberar stofnanir. Með öflugum stuðningi við grasrótarstarf í samstarfslöndunum er lögð rækt við borgarlegt samfélag, sem í sjálfu sér styður við lýðræðislega og efnahagslega framþróun.

III – Lönd og landsvæði

Mikilvægt er fyrir ríki sem hefur takmörkuð fjárráð að einbeita sér að tiltölulega fáum löndum í einu. Hér eru tiltekin tvö lönd, sem falla undir skilgreiningu um átaka- eða spennusvæði og þrjú lönd þar sem fyrst og fremst er um þróunarsamvinnu að ræða. Okkar skilningur er sá að þessar áherslur komi þó ekki í veg fyrir stuðning við hjálparstarf í öðrum löndum, enda eru fleiri lönd – einkum í Afríku – á viðmiðunarlista utanríkisráðuneytisins fyrir neyðar- og mannúðaraðstoð.

IV – Stofnanir

Engar athugasemdir.

Alþjóðlegt samstarf og viðmið

Varðandi þennan kafla er rétt að minna á að Ísland tekur einnig þátt í mikilvægu alþjóðlegu samstarfi í tengslum við aðild sína að Genfarsamningunum, svo sem stuðningi við starfsemi Alþjóðaráðs Rauða krossins og þátttöku fulltrúa íslenskra stjórnvalda í Alþjóðaráðstefnu Rauða krossins og Rauða hálfmánans, þar sem fram fer þýðingarmikil stefnumótun í alþjóðlegum mannúðarmálum.

Stefnumörkun, innra og ytra starf

Hér er mörkuð afar mikilvæg stefna um mannauð og fagmennsku. Skoða má hversu hentugt sé að starfsmenn sem starfa við þennan málaflokk séu bundnir flutningsskyldu, en tíðar mannabreytingar gera erfiðara um vik að byggja upp þekkingu innan ráðuneytisins.


Utanríkisráðuneytið hefur átt ágætt samstarf við félagasamtök upp á síðkastið og hér er mótuð stefna um framhald á því.

Rauði krossinn fagnar áherslu á úttektir og aðrar eftirlitsaðgerðir í þróunarsamstarfi, enda er ábyrg meðferð fjár undirstaða þess að almenningur hafi traust á því sem gert er. Rétt er þó að benda á að þessar sömu kröfur þarf að gera til annarra samstarfsaðila, svo sem alþjóðlegra stofnana. Því væri betra að setja kröfur um úttektir og eftirlit í sérstakan lið. Annars mætti halda að eingöngu þætti þörf á að gera úttektar- og eftirlitskröfur til félagasamtaka.

Niðurstaða

Rauði kross Íslands fagnar framkominni Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011 – 2014 og hvetur til þess að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,



Kristján Sturluson

framkvæmdastjóri